

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS.



HAFNARHVOLI VIÐ TRYGGVAGÖTU · P.O.BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL.354 552 9500 · TELEFAX 354 551 6056

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/742
komudagur 18.2.2002

Nefndasvið Alþingis
v/samgöngunefndar,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. febrúar 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Landssamband íslenskra útvegsmanna fagnar mjög þeirri réttarbót sem í frumvarpinu um þurrleiguskráningu fiskiskipa felst.

Með lögum nr. 153/2000 um breytingu á lögum nr. 115/1985 um skráningu skipa voru lögfest ákvæði um þurrleiguskráningu kaupskipa. Við teljum einsýnt að sem líkastar reglur eigi að gilda um fiskiskip og kaupskip að þessu leyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands geti heimilað skráningu íslenskra fiskiskipa á erlenda skipaskrá þegar í lögnum um kaupskipin er orðalagið þannig að heimilt sé að skrá kaupskip þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Við förum þess á leit að orðalag verði samræmt að þessu leyti.

Annar mjög veigamikill munur er á frumvarpinu og lögnum um kaupskipin, þ.e. að einungis er gert ráð fyrir unnt verði að þurrleiguskrá fiskiskip til eins árs með möguleika á framlengingu til sex mánaða senn, þegar heimilt er að þurrleiguskrá kaupskip til allt að fimm ára með möguleika á framlengingu til eins árs í senn. Hér er gert ráð fyrir mismunun sem ekki á við rök að styðjast.

Á bls. 10 í frumvarpinu í fylgiskjali I sem hefur að geyma skýrslu nefndar um tvískráningu fiskiskipa segir m.a.:

“LÍÚ lagði til að hámarksgildistími þurrleiguskráningar yrði a.m.k. eitt ár í stað sex mánaða eins og hugmyndir nefndarinnar gerðu ráð fyrir.

- Hugmynd nefndarinnar um sex mánaða hámarksgildistíma var sett fram í ljósi athugasemda sem Samtök fjármálafyrirtækja gerðu á fundi sínum með nefndinni. Í umsögn sinni telja samtökin nú ásættanlegt að leyfi séu gefin út til eins árs og telur nefndin því rétt að hámarksgildistími leyfis yrði eitt ár í senn.”

Það er misskilningur hjá nefndinni að við höfum lagt til að hámarksgildistími þurrleiguskráningar “yrði a.m.k. eitt ár í stað sex mánaða”. Í umsögn okkar til nefndarinnar dags. 30.11.1999 segir:

“Í 6. lið 2. greinar er gert ráð fyrir að leyfi til tvískráningar verði einungis veitt til sex mánaða. Við sjáum ekki rökin fyrir því að binda heimildina við svo skamman tíma ef á annað borð eru rök fyrir því að binda heimildina tímatakörkunum. Ýmis verkefni sem til álita koma í þessu sambandi eru til lengri tíma en sex mánuða og sem dæmi má nefna að nokkur skip í íslenskri eigu eru nú leigð til eins til tveggja ára. Takmörkun sem þessi getur orðið til þess að tækifæri glatist þó unnt sé að fá framlengingu nema fyrirfram sé ljóst að hún fái og þá verða rökin fyrir tímatakörkunum ekki séð. Heimild til afturköllunar heimildarinnar til tvískráningar ætti í öllum tilvikum að nægja.”

Vegna vísunar til athugasemda Samtaka fjármálafyrirtækja er einnig rétt að benda á að það þarf skriflegt samþykki veðhafa fyrir þurrleiguskráningunni og ef veðhavar vilja binda heimild til skráningar til skemmri tíma en fimm ára er þeim það í lófa lagt.

Með vísan til þess sem að framan greinir er þess óskað að tímamörk þurrleiguskráningar fiskiskipa verði hin sömu kaupskipa eða fimm ár með möguleika á framlengingu til eins árs í senn.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri